

Reykjavík, 20. nóvember 2014

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífsverks lífeyrissjóðs til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Lífsverks lífeyrissjóðs til einstaklinga. Athugunin var framkvæmd á þriðja ársfjórðungi 2014.

Athugunin byggði á gögnum vegna 14 lánveitinga til 9 einstaklinga á árunum 2009 – 2014 og fyrirspurna í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Athugunin leiddi þó í ljós að lánveitingar frá árinu 2012 voru í einstaka tilvikum ekki að öllu leyti í samræmi við lánareglur lífeyrissjóðsins. Í tveimur tilvikum, þar sem veðsetning var umfram 100% af brunabótamati fasteignar, hafði ekki verið lögð fram viðbótarbrunatrygging eins og lánareglur mæla fyrir um. Þá hafði sjóðurinn veitt frumlán í stað viðbótarláns til sjóðfélaga sem hafði fullnýtt rétt sinn til töku slíks láns samkvæmt lánareglum sjóðsins.

Verklag sjóðsins vegna sjóðfélagalána hefur tekið töluverðum breytingum að undanfögnu og hafa m.a. verið innleiddir nýir verkferlar til þess að auka líkur á góðri framkvæmd við afgreiðslu lánsútsóknna.

Fjármálaeftirlitið hefur beint því til sjóðsins að haga framkvæmd við lánveitingar ávallt í samræmi við settar lánareglur.